

Oddvitapistill

Í lok október er stefnt á að þriðju sorptunnunni verði dreift á öll heimili í Bláskógabyggð. Í þá tunnu á að safna öllu plastefni sem til fellur á heimilum. Þessi breyting er tilkomin eftir útboð sem fram fór í vor á sorphirðu í samstarfi við Grímsnes- og Grafningshrepp. Gámapjónustan bauð lægst í verkefnið og mun því áfram sinna sorphirðu í sveitarfélögunum. Mikið plast fellur til á heimilum og mun almennt heimilissorp minnka talsvert með tilkomu plasttunnunnar. Kynningarefni verður dreift á öll heimili með leiðbeiningum um söfnun og flokkun á plasti. Með sorpútboðinu sem tók gildi 1. september breyttist umsjón með gámasvæðum sveitarfélaganna. Áður keypti Bláskógabyggð þjónustu af Grímsnes- og Grafningshreppi, sem sá um mönnun og umsjón með gámasvæðunum. En nú mun hvort sveitarfélag sjá um sín gámasvæði og hefur Gunnar Sverrisson í Hrosshaga verið ráðinn til Bláskógabyggðar til að sjá um vöktun og umsjón gámasvæða sveitarfélagsins í Reykholti, á Laugarvatni og við Heiðarbæ í Þingvallasveit. Þá má nefna að vinna við byggingu ramps á gámasvæðinu Laugarvatni er hafin. Þegar rampurinn verður kominn í notkun mun það breyta miklu um ásýnd og aðkomu að þeim gámum sem verða við rampinn.

Elísabet Björney Lárusdóttir sem býr á Laugarvatni hefur tekið að sér að vinna að umhverfisstefnu fyrir Bláskógabyggð. Umhverfisþing var haldið í mars 2015 og er vinna við umhverfisstefnu Bláskógabyggðar eðlilegt framhald af niðurstöðu þingsins. Elísabet er þessa dagana að hefja vinnuna, meginþungi verksins verður unnin á árinu 2017 en umhverfisstefnan mun svo verða tilbúin á vordögum 2018. Skipaðir verða samráðshópar til að framtíðarsýn íbúa komi fram. Þessi vinna sem er að fara af stað er mjög metnaðarfullt verkefni og er í rauninni sóknaráætlun Bláskógabyggðar í umhverfismálum.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



Íþróttamiðstöðin Reykholti.

Höfum aðstöðu fyrir hvern þann sem hefur áhuga á að bjóða uppá nudd, fóttaðgerðir, naglasnyrtingar og þessháttar þjónustu.

Nú er bowentæknir og nuddari til staðar og yrði aðstaðan í boði í samráði við hann varðandi tímasetningar.

Nánari uppl gefur Pétur í síma 480 3040.



Rúlluplast

Rúlluplast verður tekið hjá þeim
bændum sem vilja **í október**
Vinsamlegast látið vita á skrifstofu
sveitarfélagsins í síma 480-3000 eða
í tölvupósti á
gudrunh@blaskogabyggd.is.
Einnig er hægt að hafa fasta mánuði
hjá þeim bændum sem það vilja.
Komudagar rúlluplastsbíls verða
auglýstir í Bláskógafréttum og á
heimasíðu Bláskógabyggðar [http://
www.blaskogabyggd.is/](http://www.blaskogabyggd.is/)
Ef bændur vilja fá senda tilkynningu
um komudaga í tölvupósti
vinsamlegast látið vita.



Íþróttamiðstöðin Reykholti.

Vetraropnunartími

15. ágúst – 26. maí

Mánudaga 14:00-18:00.

Þriðjudaga 14:00-22:00

Miðvikudaga 14:00-18:00.

Fimmtudaga 14:00-22:00..

Föstudaga lokað.

Laugardaga 10:00-18:00.

Sunnudaga lokað.

KV Starfsmenn.

Mikill vöxtur hefur verið í öllum gróðri eftir hlýtt og gott sumar. Trjágróður hefur vaxið mikið og nú er svo komið að sumstaðar í þéttbýlisstöðunum eru greinar farnar að teygja sig útfyrir lóðamörk, inná göngustíga og í sumum tilvikum inná akreinar. Mikilvægt er að eigendur séu meðvitaðir um þessa hluti og fjarlægji trjágróður áður en vandræði hljótask af. Fyrst ég er farinn að tala um trjágróður þá er mikið til af trjákurli inná gámasvæðinu í Reykholti sem íbúar og gestir mega sækja sér gjaldfrjálst. Kurlið getur t.d. nýst í göngustíga og beð.

Eitt af haustverkum sveitarstjórnarmanna er að sækja fjölda af fundum og ráðstefnum. Aðalfundur jöfnunarsjóðs, samtaka orkusveitarfélaga og fjármálaráðstefna voru haldin fyrir stuttu. Á aðalfundi orkusveitarfélaga var mest rætt um Hæstaréttardóm sem féll Fljótsdalshéraði í vil um að vatnsréttindi skuli metin til fasteignar. Með þessu er viðurkennt að það er ekki aðeins stöðvarhús sem skuli metin til fasteigna eins og verið hefur hingað til. Talsverðan tíma getur tekið að meta vatnsréttindin en þetta breytir miklu fyrir sveitarfélög og verður spennandi að sjá hvernig þessi mál enda. Á fjármálaráðstefnunni fór talsverður tími í að ræða um tekjur og gjöld sveitarfélaga af ferðamönnum. Starfshópur á vegum Sambands íslenska sveitarfélaga sem hefur fjallað um gjaldtöku af ferðamönnum leggur til að sveitarfélög fái aukinn hluta af gistináttaskatti og að umferðarlögum verði breytt svo sveitarfélög geti fengið hlutdeild af bílastæðagjöldum. Ljóst er að þessi umræða á eftir að halda áfram og sitt sýnist hverjum. Mikilvægt er að fá niðurstöðu í þessi mál en allir eru þó sammála um að sveitarfélög verði að fá auknar tekjur að ferðamönnum.

Flygillinn í Aratungu var tekinn í algjöra yfirhalningu í september en skipt var hamra og strengi. Flygillinn var keyptur af Tónlistarfélagi Reykjavíkur á árunum milli 1965-1970 en hann er frá árinu 1959. Jón Bjarnason organisti í Skálholti hafði forgöngu um endurnýjunina og eru honum hér færðar bestu þakkir fyrir. Gaman væri ef hægt væri að virkja Aratungu meira til menningarviðburða og spilar flygillinn þar stórt hlutverk.

Nóg í bili.

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Óskum eftir leiguíbúð

Óskum eftir íbúð á leigu
í Reykholti eða nágrenni
Upplýsingar í síma 847 6138

Astrid
Jarðarberjalandi

Kæru sveitungar

Gallerý Rós tekur við
pöntunum á ullarvörum og
öðrum tækifærisgjöfum
allt árið. Síminn hjá
okkur er
4868946/8659300.



Leikskólakennari óskast

Bláskógaskóli á Laugarvatni auglýsir eftir leikskólakennurum frá og með 1. nóvember 2016.

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekinn leik og grunnskóli sem leggur meðal annars mikla áherslu á samfellu á milli skólastiganna, fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Grenndarkennsla er stór hluti af starfinu og verið er að vinna að þróunarverkefni þar sem lögð er áhersla á útinám með fjölbreytta kennsluhætti að leiðarljósi þvert á skólastig.

Meginmarkmið stefnunnar á leikskóladeild eru að hvetja barnið til að þess að nota öll sín skilningarvit, „málin sín hundrað“ og starfa markvisst að því að virkja frumlega og skapandi hugsun. Í starfinu eru notaðar opnar spurningar eins og *hvað*, *hvernig* og *hvers vegna*? Lögð er áhersla á takmarkalaust traust og virðingu fyrir barninu og getu þess til að afla sér reynslu og þekkingar á eigin forsendum. Sjálfsmýnd barnsins mótast af þeim viðbrögðum og þeirri framkomu sem barnið mætir í umhverfinu. Áhersla er lögð á að skoða einstaklinginn og hans eiginleika. Barninu er gefinn kostur á að tjá tilfinningar sínar og hugsanir og tengja við tilfinningar annarra. Með alhliða þjálfun skynjunar og tilfinninga eykst sjálfsvitund og trú á eigin getu. Frjálsi leikurinn er helsta kennsluáðferð leikskólans en einnig er lögð áhersla á grunnþætti menntunar samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla 2011*.

Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun

Færni í mannlegum samskiptum

Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi

Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki

Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Störfín henta jafnt körlum sem konum.

Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is

Frá heilsugæslunni í Laugarási.

Opið frá kl 8:30 á morgnana

til kl 16:30 virka daga

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU 432 2000

Sími Neyðarlínu 112



Getraunanúmer UMF. Bisk. er
803

Styðjum okkar félag þegar við
tökum þátt í getraunum.



Bókasafnið í Reykholtsskóla er opið

Opnunartímar eru á þriðjudögum kl. 17-19.

Hvað er betra en að lesa góða bók í
myrkri skammdegisins?

Kíkið við og kynnist heillandi hugarheimi
bókanna.

Athugið að einnig er hægt er að skila
bókum á opnunartíma skólans.



Lyfja-útibú Laugarási

Breyttur opnunartími
frá 1. febrúar 2016

kl **10 - 16.30** mánudaga –
fimmtudaga og

kl **10-13** á **föstudögum**

Stöndum vörð um þjónustu í
Uppsveitum
Verslum í heimabyggð!

Námsferð á Alþingi Íslendinga

Í byrjun skólans lá fyrir að alþingiskosningar yrðu haldnar að hausti. Því gripu kennarar tækifærið og ákváðu að nota þingkosningarnar í þemakennslu. Bláskógaskóli í Reykholti pantaði tíma hjá Alþingi í svokallað skólaþing og mætti í það þann 22. september s.l. Tekið var á móti nemendum 8. 9. og 10. bekkjar í kennslurými Alþingis. Nemendum var skipt í þrjá tilbúna stjórnmalaflokka og þeim fengin þrjú tilbúin þingfrumvörp til að mæla fyrir og flytja. Þingherbergi voru fyrir hvern þingflokk og þar þurftu skólaþingmenn að ræða málin, og var stýrt með tölvum og tilbúnum hugmyndum fólks, sem birtist á skjá og hringdi í skólaþingmennina. Þetta var alveg dásamleg kennsla, þótt sumir væri smá ruglaðir á eigin skoðunum og þeim skoðunum sem þingflokkur þeirra hafði mótað varðandi frumvörpin. Nemendur þurftu að einbeita sér vel til að halda þræði og svo héldu þau tilbúinn þingfund og þurftu að ávarpa hvort annað og þingforseta samkvæmt reglum alþingis. Þegar skólaþinginu lauk fóru nemendur á þingpalla og ætluðu að hlusta á alvöru þingfund en þá vorum við svo óheppin að þinghlé var gert um leið og við komum inn. Því var farið á pallana og þingsalurinn skoðaður þaðan. Svo heppilega vildi til að Kristján Möller þingmaður gekk í salinn og hann var mjög kumpánlegur við okkur og sagði frá kassa sem er á borði þingforseta og hlutverki hans. Kennarar voru mjög glaðir að loknu skólaþinginu og sannfærir um að kennslan væri á við margra tíma nám í skólanum auk þess sem ferðin var mjög skemmtileg. Nú liggur fyrir að hvetja nemendur til að taka eftir framboðum og stefnumálum þeirra. Nemendur verða hvattir til að mynda sér skoðanir um málefni, stofna þingflokka halda framboðsræður o.fl. Vonandi verður þetta til að efla samfélagsmeðvitund, skiptast á skoðunum, rökræða og opna augu nemenda fyrir samfélagi sínu.

Drífa K.

TAXI er á svæðinu sem mun
þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð,
Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
og allar sumarbústaðabyggðir á
þessum svæðum eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224



Bókasafn Menntaskólans að Laugarvatni er opið sem hér segir:

Mánudaga 09.00-12.15 og 13.00-17.00

Þriðjudaga 10.30-12.15 og 13.00-17.00

Miðvikudaga 13.00-18.00

Fimmtudaga 09.00-12.15 og 13.00-17.00

Lestímar menntaskólanema mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17.00-18.00

Bókasafnstímar í Bláskógaskóla þriðjudaga frá kl. 09.00-10.30



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í nóvember 2016. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. nóvember 2016.

Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Tilkynning til þeirra sem eiga eignir á Gámasvæðum Bláskógabyggðar. Unnið er að endubótum á gámasvæðunum og mikilvægt að þeir sem telja sig eiga eignir þar sem ekki má henda að láta vita.

Gunnar Sverrisson s. 861-1914

Bjarni Daníelsson s. 860-4440

Bowentækni meðferð

Við bjóðum upp á Bowen í Reykholti.

Bowen er mjúk heildræn meðhöndlun á vefjum, aðallega bandvef.

Meðferðin örvar líkamann og hefur þau áhrif að hann virkjar heilunarmátt líkamans til þess að lækna sig sjálfur. Nánari upplýsingar má finna á bowen.is
Nils Bowentæknir vinnur á þriðjudögum og fimmtudögum í íþróttahúsinu í Reykholti. Tímapantanir í síma 897-6944.

Regína Rósa Bowentæknir. Tímapantanir eftir samkomulagi í síma 661-0053 .



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Águst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com
Hrosshagi - 801 Selfoss

NUDD Í REYKHOLTI.

Ertu með sára og auma vöðva? Vöðvabólgu? Festur í liðum? Eða langar bara í smá dekur?

Hafðu þá samband í síma: 892-5991

Íris Svavarsdóttir nuddari.



Íhlaupavinna!

Vantar starfskraft í afleysingar í mötuneytinu í Aratungu. Viðkomandi þyrfti að geta komið inn dag og dag með stuttum fyrirvara ef upp koma veikindi hjá öðrum af tveimur starfsmönnum mötuneytisins.

Allar upplýsingar fást hjá Steinunni kokk í síma 865-7916 eða á netfanginu steinunn@gmail.com

Til leigu

Sumarbústaður í landi Norðurbrúnar til leigu frá 20. september til 20. apríl.

Frekari upplýsingar veitir, Brynhildur í síma 8941930 eða email: brynhildur@nordikatravel.com Leigutíminn getur einnig verið styttri.



Trjáskúli

„Á gámasvæðinu í Reykholti er urmull af kurli sem allir mega ganga í sér að kostnaðarlausu.

Tilvalið í gangstíga, moltugerð eða hvað sem þér dettur í hug.“

Snyrting á Tjörn

Snyrtifræðingurinn Harpa Gunnarsdóttir býður upp á snyrtingar helgina 7. – 9. október heima á Tjörn
í boði er: litun, plokkun, vaxmeðferðir, handsnyrting, fót snyrting, andlitsbað, húðhreinsun

Upplýsingar og tímapantanir í síma 8696854